

Jóhann Páll Jóhannsson
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartún 26, 105 Reykjavík

Varðandi áform um að leggja niður heilbrigðiseftirlit (S-160/2025)

Virðulegi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa (FHU) hefur kynnt sér áform Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins (URN) um að leggja niður [heilbrigðiseftirlit](#) en þau voru birt í samráðsgátt stjórnvalda þann 5. september s.l. (S-160/2025).

FHU telur að **áformin feli í sér afturför og geti ekki náð yfirlýstu markmiði um árangursríkt og skilvirkt eftirlit**. Heilbrigðiseftirlit hefur frá árinu 1901 verið hornsteinn laga um hollustuhætti og nærtækara væri að efla þann þátt frekar en að fella hann niður. FHU vekur athygli á eftirfarandi atriðum til að stuðla að raunhæfum og mælanlegum umbótum á eftirlitskerfinu:

- Í fyrsta lagi vill FHU vekja athygli á því að í áformunum er **ekki fjallað um hagsmuni almennings**, jafnvel þótt grundvallartilgangur laga um hollustuhætti sé að *“búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi”*. Ekki er heldur fjallað um áhrif áformanna á ályktun Sameinuðu þjóðanna 28. júlí 2022 (nr. 76/300) um **mannréttindi til hreins, heilnæms og sjálfbærs umhverfis**, jafnvel þótt heilbrigðiseftirlit sé eitt helsta úrræði almennings á Íslandi til að leita úrlausnar sinna mála á málefnasviðinu.
- Í öðru lagi vill FHU benda á að í áformunum er **ranglega gefið í skyn að niðurlagning heilbrigðiseftirlits tengist ábendingum eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um matvælaeftirlit** en ESA hefur [sérstaklega tekið fram](#) að afnám staðbundinna stjórnvalda (heilbrigðiseftirlits) sé ekki nauðsynlegt til að uppfylla kröfur ESB.
- Í þriðja lagi vekur FHU athygli á því að í áformunum er **ranglega vísað til fyrirliggjandi gagna og alvarleiki einstakra atriða ýktur**. Sem dæmi þá kemur fram í skýrslum KPMG 2020 og starfshóps 2023 að *“ekki hafi tekist að samræma framkvæmd eftirlitsins að öllu leyti”*, sem er nokkuð hófleg fullyrðing, en í áformunum er því haldið fram að í umræddum skýrslum komi fram að *“ósamræmi í eftirliti sé mikið”*. Hér virðist ráðuneytið draga upp dekkri mynd en tilefni er til, sem dregur athyglina frá því sem raunverulega þarf að gera úrbætur á.
- Í fjórða lagi bendir FHU á að **Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafi á síðustu árum ekki sinnt lögbundnu samræmingarhlutverki sínu með fullnægjandi hætti**, m.a. varðandi samráð, leiðbeiningar til heilbrigðiseftirlits, framkvæmd eftirlitsverkefna og skipulagningu á árlegum samráðsvettvangi um samræmingu eftirlits. Félagið vill jafnframt sjá meiri áherslu á réttindanámskeið heilbrigðisfulltrúa, sem eru lykilþáttur í þjálfun og samræmingu heilbrigðiseftirlits.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er hagkvæm og skilvirk leið til að ná yfirgrípsmeiri og ítarlegri yfirsýn á heilnæmi umhverfis í krafti nálægðar sveitarstjórnarstigsins við nærsamfélagið. Niðurfelling þess án greiningar á mögulegum áhrifum væri óábyrg og getur varla talist uppfylla kröfur Stjórnarráðsins til málefnalegs undirbúnings lagafrumvarpa.

FHU telur nauðsynlegt að betur sé vandað til verka og er reiðubúið til að leggja sitt af mörkum í áframhaldandi vinnu við uppbyggingu eftirlitskerfisins. Félagið óskar því eftir fundi með ráðherra til að ræða sjónarmið sín og hlutverk fagfélagsins í umbótum á eftirlitskerfinu.



f.h. stjórnar FHU